

Borgarstjórn Reykjavíkur
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. janúar 2018

Erindi: Útboð endurskoðunarþjónustu

Eitt af lögbundnum verkefnum endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar er að setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum. Þar sem ráðningartími núverandi ytri endurskoðenda samstæðu Reykjavíkurborgar og einstakra B-hluta félaga rennur út í árslok 2017 samþykkti borgarstjórn að efna til útboðs að nýju. Útboðið nær til endurskoðunar ársreiknings A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar í samræmi við 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga og endurskoðunar ársreikninga allra B-hluta félaga sem falla innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

Útboðið var auglýst í september 2017 og rann tilboðsfrestur út þann 1. nóvember sl. Eftirfarandi tilboð bárust frá fimm endurskoðunarfyrtækjum og eru fjárhæðir að meðtöldum virðisaukaskatti:

KPMG ehf.	kr. 288.968.775
Ernst & Young ehf.	kr. 396.622.643
Grant Thornton endurskoðun ehf.	kr. 270.542.859
PricewaterhouseCoopers ehf.	kr. 236.530.000
Deloitte ehf.	kr. 379.602.141

Endurskoðunarnefndin hefur fengið upplýsingar frá innkaupadeild Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar og skrifstofu borgarlögmans um að formskilyrði lögstjóðanda séu með þeim annmarka að tilboðið teljist ógilt. Sá aðili sem var með lægsta boð hefur sett fram kæru til kærufndar útboðsmála og fór meðal annars fram á að útboðsferlið yrði stöðvað þar til úrskurður fengist um kærufnið. Með ákvörðun dags. 18. desember 2017 hafnaði kærufndin kröfu um að stöðva útboðið.

Endurskoðunarnefndin hefur gengið úr skugga um að tilboð Grant Thornton endurskoðunar ehf. sem bauð næstlægst uppfylli kröfur til bjóðenda sem settar voru fram í kafla 1.1.16 í útboðslýsingunni. Niðurstaðan hefur verið kynnt Innkauparáði Reykjavíkurborgar sem gerði engar athugasemdir við niðurstöðu nefndarinnar.

Í samræmi við samþykkt borgarstjórnar um endurskoðunarnefnd og ákvæði 5. tl. 108. gr. b í ársreikningalögum nr. 3/2006 um val á endurskoðunarfyrtæki leggur endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til við borgarstjórn Reykjavíkur að tilboði Grant Thornton endurskoðunar ehf. verði tekið.

Virðingarfyllst,

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar



Ólafur Kristinsson, formaður